

**-Maurice Peterson, New York: USA**

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fingerðum stíl og tilfinningaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

**-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland**

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.


**-Elisabeth Belile, Texas: USA**

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungðið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

*Birgitta Jónsdóttir*

*Beyond Borders Smákverasafn*

*Í s l a n d*



## Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara héraendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dagblöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>  
<http://birgitta.blog.is>  
<http://this.is/birgitta>  
<http://joyb.blogspot.com>

Í s l a n d



Beyond Borders Smákverasafn #7

Reykjavík, Ísland 2005  
[poems@this.is](mailto:poems@this.is)

## *Bæn til Móður Jarðar*

*Ljúfa jörð,  
viltu veita mér  
af allsnægtabrunni þínum.*

Ég skal sá frjókornum ástar minnar  
í þurra akra þína.  
Ég skal ganga vegi þína  
með kyndil þekkingar  
svo börn framtíðar fái  
einnig notið þín.  
Án blíðu þinnar og örlætis  
er ég ekkert.  
Aðeins líf hangandi á bláþræði.  
Þú ert lífið  
sem rennur um æðar mína.  
Án frjósemi þinnar  
hefði ég aldrei alið  
æsku mína í dal lífsins.

Ljúfa móðir  
græddu þessar djúpu undir  
sem inni í mér blæða.  
Svo ég fái á ný  
dansað um akra þína  
með vorið í fanginu.

Megi andlit þitt verða heilt  
og brosandi  
áður en dagar mínir verða taldir  
í faðmi þínum.

*Læt ég svo dvína bæn mína.*

*Ísland*

## Í minningu lands

ég þekkti zitt sinn fjall  
ég þekkti zitt sinn gil  
ég þekkti zitt sinn gljúfur  
ég þekkti zitt sinn foss  
ég þekkti zitt sinn mosa  
ég þekkti zitt sinn tré  
ég þekkti zitt sinn fugl  
ég þekkti zitt sinn kløtt  
ég þekkti zitt sinn á  
ég þekkti zitt sinn hraun  
ég þekkti zitt sinn Gjúfrarbúan

ei mæir  
ei mæir

ég þekki land  
mitt land  
æ mæir

## *Snædrottin*

Nú hefur Snædrottin  
sveipað sig sinni hvítu mjúku slæðu  
Hylur sár sín  
Hún er björt og köld  
Slípaður demantur  
Hörð þegar hún kæfir lífið  
sem bærisk  
við brjóst Fjallkonunar

En lífið mun kvikna á ný  
Þá dýfir hún sér  
inn í Snæfellið  
Bíður síns rétta tíma  
til að drottna á ný

Lífið mun fæðast og andast  
eins og gengur í þessu ríki  
andstæðna

uns hillingin  
verður afhjúpuð

Að allt er þrungið lífi  
þó annað megi sýnast

## *Jarðtengsl*



Lækir söngla  
ljúfa seiði  
Steinar rjúfa  
hljóm þagnar  
Fjöll og mýrar  
iða lífi

Í faðmi þínum  
lærði ég gildi lífsins

Lífriki þínu ógnað úr öllum áttum  
Því ætla ég að taka hamskiptum  
og verða tröll að vexti  
Svo ég geti tekið þig í faðm minn  
og verndað þig um stund

## *Huldusteinn*

Ég hef setið í  
skrafandi kaffisölum  
drukkið í mig kliðinn

Létt hefur munnur minn hjalað  
Orð klædd í skruð  
lýsingarorða  
Firnadjúp  
um stóra drauma  
þó án samhengis  
við minn dýpsta draum

Ég flý í huldubjargið  
um blánótt  
og drekk bláberjaseiði  
áður en grunnhygginn orð mín  
verða að veruleika

Enginn ótti  
þrífst í huldukletti

Ég drekk í mig  
ilminn af náttúrunni  
sem stafar frá veggjum bjargsins

Sé inn í kviku

# Fjallkonan

## I

Klæði hennar eru  
ofin úr dalalæðu.  
Kórónan skartar  
frostrósum  
og hrafntinnubrotum.  
Augun bergvatn.  
Munnurinn  
rauðglóandi hraun.

Röddin þíð  
hlýr straumur  
sem bræða harðgerðan ísinn  
við brjóst jökulsins.

Og ég  
ég er *lítill foss*  
*úr veröld hennar.*



## II

Frá henni stafar mosamildi  
og kraftur hinna tæru fossa  
Meitluð ljóð  
sem syngja í hjarta mínu

Og hjarta hennar er djúp laut  
þakin bláum blómum  
–Gleym mér ei

## Vor

*Það er sagt í gömlum þulum  
að vorið sé endurfæðingarskeið.*

Ég lagðist í hrollkalt grasið.  
Skammdegið lagðist yfir mig  
–í mig.

Eftir óendanlega langa legu  
og baráttu við skammdegisskugga  
fæddist mér hugarfóstur.  
Fíngert með vor í augum.  
Faðmaði burt myrkrið.

Og lagðist yfir mig  
–í mig.



## Haustr

Veröldin svignar  
Trén sleppa  
síðustu laufblöðum  
Rósirnar kreista fram  
síðasta blómstrandi  
blóð dropann  
Allett  
leitast við að þvinga fram  
síðustu örðu lífs áður en ríki grámans  
leggst yfir tilveruna  
og rökkur ískuldalyndið  
leggur hjúp sinn um sálirnar

Ljósið fjarar úr auga  
öryggið hrynur  
moldin lamast  
Þögn húsinn fyllast haustsálum  
sem hjúfra sig inn í myrkrið  
Bíðandi þess að  
varpi geislar sólar  
í lífi á ný  
í frosinn sálarsvörð

## *Vor handa vini*

Sól gyllir glugga lífs míns  
grasið er vott af morgundögg  
allt ilmar grænu.

Ég týni saman orðavönd  
sem laðar fram vormyndir.  
Járnfugl þenur vængi sína  
og í maga hans ferðast  
orðin til vetrareyju.

Orðavöndur í bláfellavatni  
við hrímaðar rúður.



Ljóð og listaverk ©2005 Birgitta Jónsdóttir  
Teikningar á baksíðu © 2005 Maurizio di Bona  
Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef  
Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.  
<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders  
farið á vef útgáfunar  
<http://this.is/poems>  
[poems@this.is](mailto:poems@this.is)

Þessi bók er handgerð og prentuð í 44 eintökum  
þetta er bók númer

